



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

DANS2LM05

Lestur og menning

Kennari:	Ida Løn & Pelle Damby Carøe	Sk.st.	IL & PC
-----------------	--	---------------	--------------------

Undanfari: DANS2FL05

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, að efla sjálfstæði hans og vinnubrögð og að byggja upp sérhæfðan orðaforða.

Áfanginn er **án lokaprófs**, en nánast öll verkefni og próf hafa vægi.

Nemendur þurfa hugsanlega aðstoð foreldra með að panta **Dig og mig ved dagry** sem er **rafbók** á www.saxo.com, hún er eftir Glenn Ringtved og Sanne Munk Jensen. Greiðsla fer fram með kreditkort.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins, í að tala tvö og tvö saman og að kynna verkefni sem búið er að vinna með, svara fyrirspurnum og færa rök fyrir máli sínu.

Hlustun: Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarefni, sem tengjast m.a. danskri menningu, atvinnu og hreyfingu.

Ritun: Nemendur vinna með ýmsar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d. endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

Orðaforði: Nemendur vinna með sérhæfðan orðaforða í tengslum við námsefnið: jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.

Lestur: Nemendur lesa tvær skáldsögur, nokkrar smásögur og ýmiss konar rauntexa um málefni líðandi stundar.

Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málvenjum, uppsetningu og skipulagi ritaðs máls
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum, fræðslu- og fréttagreinum og textum af neti
- orðaforða og orðasamböndum sem tengjast námsefni daglegu töluðu máli einnig þegar um er að ræða nýtt efni

Leiknimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- rökræða í ræðu og riti og beita gagnrýninni hugsun þar sem skoðanir hans koma fram á skýran hátt
- nýta á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn til að efla eigin málfærni m.a. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- skilja og nota algeng stílbrögð í ritmáli
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og draga ályktanir
- flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir kennara og nemendur í smærri hópum lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem rauntexta og fjalla um inntak þeirra bæði skriflega og munnlega

Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtalaus máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu tengja inntak bókmenntaverks saman við eigið líf, við önnur sambærileg verk og t.d. semja nýjan endi á bókmenntaverk

Námsefni:

Hokus Pokus, lesbók og vinnubók, í eigu nemenda frá DAN103 og DAN202

Glimt – ny litteratur på dansk, smásögu- og ljóðasafn

Dig og mig ved daggry, skáldsaga, pantað á netinu á www.saxo.com

Mappa og stílabók

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

2. – 6. vika	7. – 10. vika
Hokus Pokus: Ritunar-, les-, munnleg og hlustunarverkefni	Hokus Pokus: Ritunar-, les-, munnleg og hlustunarverkefni
Skáldsögupróf 1, 2 og 3: <i>Dig og mig ved daggy</i>	Skáldsögupróf 4 og 5: <i>Dig og mig ved daggy</i>
Hlustunarpróf 1	Hlustunarpróf 2
Munnlegt próf 1	Glósupróf 1
11. – 14. vika	15. – 19. vika
Hokus Pokus: Ritunar-, les-, munnleg og hlustunarverkefni	Hokus Pokus: Ritunar-, les-, munnleg og hlustunarverkefni
Smásögur 1 og 2: <i>Glimt – ny litteratur på dansk</i>	Smásögur 3 og 4: <i>Glimt – ny litteratur på dansk</i>
Glósupróf 2	Glósupróf 3
Munnlegt próf 2	Hlustunarpróf 3
	Munnlegt lokapróf

Sérreglur áfangans:

Símat og leiðsagnarmat sem byggir á fjölbreyttu námsmati í tengslum við verkefnavinnu og þemavinnu, einnig jafningjamati, smærri prófum og könnunum. Matið tekur til allra færniþátta, þ.e. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skáldsaga	5 verkefni/próf	25%
Smásögur	3-5 verkefni/próf	10%
Hlustun	3-4 verkefni/próf	15%
Tal	3-4 verkefni/próf	15%
Glósupróf	3 próf	15%
Ritunarfærni	4 verkefni	15%
Ástundun	Virkni og vinnubrögð	5%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Ida Løn & Pelle Damby Carøe